



Áveitan

6. tbl. 19. árgangur. Júní 2025



17. júní Flóahreppi

Íbúar hvattir til að draga íslenska fánann að húni

Íbúar 90 ára og eldri fá heimsókn frá
sveitarfélaginu

Hátíðardagskrá í Einbúa

Fótboltamót Þjótanda hefst kl. 14:00

Leikir og fjör á vegum Þjótanda

Fjallkonan og ávarp

Hreystibraut



*Lautarferðarstemning og gestir hvattir til að
taka með sér nesti*

*Hvetjum þau sem eiga þjóðbúninga til að
klæðast þeim*

**Mætum sem flest
og eigum góða stund saman**



Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Pistill frá sveitarstjóra Flóahrepps



Kæru lesendur Áveitunnar
Það er ekki annað hægt en að gefa
nýafstaðinni fjölskyldu- og
menningarhátíðinni okkar, Fjör í Flóa, pláss í
pistlinum þennan mánuðinn. Hátíðin var
frábærlega vel sótt og haldin í frábæru veðri.
Fjör í Flóa fór fram helgina 30.-31. maí. Gestir
nutu fjölbreyttrar dagskrár í hlýju og björtu veðri
sem skapaði frábærar aðstæður fyrir útivist, samveru og gleði.

Hátíðin hófst á
föstudeginum
með opnum
húsum hjá
fyrirtækjum og
fjölskyldum í
sveitarfélaginu
en einnig var
boðið upp á
opin hús á
laugardeginum.
Um kvöldið var
haldin hin
sívinsæla



fjölskyldukvöld-ganga en í ár tóku Bryndís Eva og Magnús á móti gestum í Dalbæ. Göngugarpar fræddust um svæðið undir leiðsögn landeigenda og nutu veðurbliðu og náttúrufegurðar svæðisins. Göngunni lauk með brekkusöng, kakóbar og veitingum sem sló algjörlega í gegn.

Á laugardeginum var dagskrá í Þingborg.

Þar var boðið uppá kökubasar, vöfflukaffi, fatamarkað og fjölbreytta afþreyingu fyrir börn og fjölskyldur.

Ungmennafélagið Þjótandi, kvenfélög Villingaholtshrepps og Hraungerðishrepps og menningarnefnd Flóahrepps stóðu fyrir fjölmörgum viðburðum, þar á meðal vélasýningu, englasýningu, saumavélasýningu, lifandi tónlist, þjóðdönsum og hinni vinsælu kökuskreytingarkeppni. Sölubásar, smádyr, hjólarallý og skemmtiatriði voru einnig á dagskrá og skapaði hátíðin líflega stemningu.

Skipuleggiendur eru mjög ánægðir með hátíðina og þátttökuna hér með öllum sem lögðu sitt af mörkum til að gera hátíðina að veruleika.



Vinningshafar í nafnasamkeppni

Flóahreppur veitti verðlaun fyrir vinningstillögur í samkeppni um nöfn í nýrri íbúðarbyggð á hátíðinni en sveitarstjórn ákvað í vor að efna til nafnasamkeppni á tveimur götum í nýrri íbúðarbyggð við Þingborg. Byggðin mun liggja meðfram Volanum sem liggur austan megin við fyrirhugaða byggð. Svæðið hefur verið skilgreint sem íbúðarbyggð í aðalskipulagi frá því aðalskipulag Hraungerðishrepps fyrir árin 2003-2015 var unnið. Deiliskipulag var gert fyrir svæðið árið 2013 og var það skipulag uppfært árið 2022.

Gert er ráð fyrir um 60 íbúðum í núverandi skipulagi og verða lóðir í boði fyrir raðhús, parhús og einbýlishús. Við finnum fyrir miklum áhuga á svæðinu enda örstutt í alla innviði svo sem greiðar samgöngur, leikskóla og grunnskóla.

Alls bárust 19 tillögur um hvora götu í nafnasamkeppnina. Sveitarstjórn óskaði eftir aðilum úr hópi íbúa 60 ára og eldri til að fara yfir tillögurnar og skilaði hópurinn þremur tillögum um hvora götu til sveitarstjórnar.

Vinningshafar í nafnasamkeppninni eru þær Sigurbjörg K.

Óskarsdóttir og

Hallfríður Ósk

Aðalsteinsdóttir.

Sigurbjörg

skilaði inn

tillögunni

Þingmói fyrir

götu sem liggur í

langri skeifu í

byggðinni.

Nafnið passar



vel enda byggðin umkringd móa og í nafninu felst tenging við Þingborg.

Hallfríður Ósk skilaði inn tillögunni **Þingbrú** og mun stutt gata sem tengir byggðina saman í miðjunni hljóta það nafn og segja má að stutta gatan sé einskonar brú í miðri byggðinni.

Í verðlaun hlutu þær plöntur frá gróðrastöðinni Kjarri, viðurkenningarskjal og glæsilegan vasa frá listakonunni Fanndísi á Brúnastöðum.

Menningarstyrkur Flóahrepps 2025

Á Fjöri í Flóa var einnig tilkynnt um styrkhafa menningarstyrks Flóahrepps árið 2025. Styrkinn í ár hlaut verkefnið: Siggja á Grund – saga og varðveisla handverksarfs.



Markmið verkefnisins er að skjalfesta til varðveislu yfirlit og sögu útskurðarlistaverka Siggju á Grund. Skrásetja á sögu listaverkanna, safna saman myndum og umfjöllunum, hvernig þau voru búin til, úr hvaða efni og hvar þau eru staðsett í heiminum. Þegar bókin kemur út er áætlað að halda viðburð í Flóahreppi til að fagna því að arfleið Siggju sé varðveitt.

Sigríður Jóna Kristjánsdóttir eða Siggja á Grund er listakona og útskuraðarmeistari. Hennar sérþekking snýr að útskurði í tré. Hún hefur meðal annars skorið út allar gangtengundir íslenska

hestsins, verk sem þykja mikil listasmíð og eru mörg þeirra til sýnis í Tré og list í Forsæti í Flóahreppi.

Sigga er fædd á Villingaholti í Flóanum og fékk hún tréskurðarlistina beint í æð á barnsaldri.

Sigga er fyrsti heiðursborgari Flóahrepps en þann heiður hlaut hún á 80 ára afmæli sínu í fyrra. Í nóvember sama ár var hún gerð að heiðurslistamanni þjóðarinnar og áður hafði hún fengið Fálkaorðuna fyrir framlag sitt til þjóðlegrar listar.

Sigga hlaut styrk að upphæð 500.000 kr ásamt plöntu frá Kjarri og viðurkenningarskjal.

Íþrótt- og afreksfólk Flóahrepps 2024

Íþrótt- æskulýðs- og menningarnefnd veitti verðlaun og viðurkenningu fyrir íþrótt- og afreksfólk Flóahrepps árið 2024.

Titilinn að þessu sinni hlaut skólahreystilið Flóaskóla 2024 en þau sigruðu úrslit Skólahreystis það ár. Þau settu sér markmið, unnu að þeim, sýndu þrautseigju, seiglu, dugnað og styrk. Þau hafa orðið öðrum hvatning og verið jákvæðar fyrirmyndir.



Liðið skipuðu þau David Örn Aitken Sævarsson, Karólína Þórbergisdóttir, Ásrún Júlía Hansdóttir, Helgi Reynisson, Kristófer Máni Andrason og Magnea Bragadóttir.

Íþrótta- æskulýðs- og menningarnefnd ákvað einnig að veita sérstaka viðurkenningu til aðila sem hefur unnið ötullega að íþrótta- og æskulýðsmálum í Flóahreppi. Þessa viðurkenningu hlaut Örvar Rafn Hlíðadal, íþróttakennari í Flóaskóla, forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar, þjálfari og stjórnarmaður í Þjótanda. Viðurkenningin var veitt fyrir ómetanlegt framlag og vinnu við öflugt og fjölbreytt íþróttastarf og heilsueflingu barna og ungmenna í sveitarfélaginu. Örvar er jákvæð fyrirmynd og mikilvægur hlekkur í samfélaginu okkar.

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri



Hátíðarmessur í kirkjunum í Flóahreppi í júní

Villingaholtskirkja

Hvítasunnudagur, 8. júní, fermingarmessa kl. 14.00.

Söngkór Hraungerðis og Villingaholtskirkju syngur, organisti Guðmundur Eiríksson, prestur sr. Ása Björk Ólafsdóttir

Hraungerðiskirkja

Annar í hvítasunnu, 9 júní, fermingarmessa kl. 14.00.

Söngkór Hraungerðis og Villingaholtskirkju syngur, organisti Guðmundur Eiríksson

Gaulverjabæjarkirkja

Hvítasunnudagur, 8. júní, fermingarmessa kl. 14.00

Laugardælakirkja

Brenningarhátíð 15. júní, messa kl. 14.00.

Organisti Guðmundur Eiríksson, prestur Gunnar Jóhannesson

Afmæli

Í tilefni af 80 ára afmæli mínu, 26. apríl sl., ætla ég að hafa opið hús sunnudaginn 15. júní n.k. milli kl 14-18 að Fagralandi 12 á Selfossi.

Vonast til að sjá ykkur sem flest.

Kær kveðja Helgi Stefánsson,

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Fundarboð

Vorfundurinn okkar verður haldinn þriðjudaginn 10. júní n.k. klukkan 20:00 í Þjórsárveri.

Takið kvöldið frá.

Stjórnin

Sumarferð

Fimmtudaginn 19. júní reimum við á okkur ferðaskóna og höldum í sumarferðina okkar. Að þessu sinni verður farið vestur á bóginn og skoðuð bæði náttúra, menning og mannlíf.

Við ferðumst með rúttunni hennar Petru og skemmtanasjóður mun niðurgreiða ferðina að einhverju leiti.

Mæting er á planið við Þjórsárver kl 10:00 og brottför er ekki síðar en 10:15. Heimkoma er áætluð um kvöldið rétt eftir að öll börn eru sofnuð.

Skráning er með skilaboðum til Fanneýjar eða í síma 8924155 í síðasta lagi sunnudaginn 15. júní.

Einnig verður hægt að skrá sig á Facebook síðu kvenfélagsins.

Hægt er að bjóða með sér gestum ef aukapláss verður í rúttunni.

Sumarkveðja frá skemmtinefndin

Fréttir úr Flóaskóla

Nú er 21. starfsár Flóaskóla senn á enda.

Mánudaginn 2. júní er síðasti skóladagurinn.

Þann dag er íþróttadagur þar sem nemendur

í 7.-10. bekk taka þátt í ýmskonar

óhefðbundnum keppnisgreinum milli bekkja

og safna stigum. Nemendur þess bekkjar sem safnar flestum

stigum eru svo krýndir Íþróttadagsmeistarar. Útskrift 10.

bekkjar er síðar þennan sama dag og á þriðjudegi 3. júní eru skólaslit.



Maímánuður hefur verið einstaklega sólríkur og veðrið leikið við okkur flesta daga. Það höfum við nýtt vel til að sinna ýmskonar útikennslu. Eins og endranær hafa verið fjölmörg verkefni á dagskránni hjá okkur.

Dagana 8.-9. maí voru smiðjur í 8.-10. Bekk haldnar með skólunum í uppsveitum Árnesþings. Í þetta sinn voru þær haldnar í Flóaskóla og í samstarfi við Listaháskóla Íslands tengt verkefninu List fyrir alla. Smiðjurnar heppnuðust afar vel og enduðu á að haldin var Listsýning í Félagslundi.

Uppskeruhátíðir tengdar lestri voru í 4. og 7. bekk, Litla upplestrarhátíðin í 4. bekk og Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk, úrslit hennar fóru fram í Flúðaskóla og þar áttum við tvo fulltrúa.

Vorskólavika var 12.-16. maí þar sem nemendur í verðandi 1. bekk komu í Flóaskóla og kynntust flestum innviðum hans í leik og starfi. Nú nemendur eru væntanlegir í fyrsta bekk í haust.

Langspilsvaka var haldin í Þjórsárverri 20. maí þar spiluðu nemendur í 5. og 6. bekk undir stjórn Eyjólfssonar. Einnig komu til okkar góðir gestir, Ingibjörg Fríða Helgadóttir, söngkona og dagskrárgerðarkona á KrakkaRÚV og eiginmaður hennar Sigurður Ingi gítarleikari. Þetta var mjög vel heppnuð kvöldstund og gaman að sjá langspilsvökuna sem einn af föstum liðum í starfi skólans.



Nemendur í 10. bekk fóru í útskriftarferð á Bakkaflöt í Skagafirði í afar vel heppnaða för í yndislegu veðri.

23. maí var skólaping 1.-5. bekkja, unnið var með þrjú verkefni: umgengni, samskipti og skólalóð. Nemendur kusu um hvaða leiki þau vildu helst sjá málaða á skólalóðina og vonandi næst að hefja það verk í sumar.

Skólahreystilið Flóaskóla keppti í undanúrslitum 6. maí og vann þann riðil. Liðið keppti síðan í



úrslitakeppninni laugar-daginn 24. maí og lenti þar í 3. sæti eftir æsispennandi keppni. Það sem einkennir keppnislið Flóaskóla, ekki bara núna heldur undanfarin ár, er liðsheildin og hugarfarið og það skilar einstökum árangri.

Tvö lið nemenda í vali á elsta stigi sendu inn ostakökur í Brauðtertú- og ostakökukeppni Konungskaffis og Kaffi Krúsar sem haldin var sunnudaginn 25. maí. Þau voru glæsilegir fulltrúar ungu kynslóðarinnar í keppninni.

Hið árlega Royalkvöld var haldið fyrir 7.-10. bekk. Nemendur mættu þrúðbúnir til veislunnar, borðuðu fínan mat, fóru í samkvæmisleiki og skemmtu sér saman.

Síðustu dagar maímánaðar voru svo úti- og grenndarnáms-dagar sem voru nýttir í ferðir, leiki og skemmtilegt uppbrot

Starfsmenn Flóaskóla fóru í námsferð til Brighton 30.4.-4.5. Ferðin gekk í alla staði mjög vel. Farið var á útikennslu-námskeið þar sem við lærðum m.a. að kveikja eld með neista og bómull, útbúa viðarkol og gera fjölbreytt handverk úti í náttúrunni. Einnig var farið í skólaheimsóknir í tvo skóla, í öðrum var áhersla á upplýsingatækni og í hinum á leiðsagnarnám. Báðar heimsóknir gáfu fólki margar góðar



hugmyndir um út-færslu náms og kennslu.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla,
Þórunn Jónasdóttir

Frá sóknarnefnd Hraungerðiskirkju

Aðalsafnaðarfundur Hraungerðissóknar verður haldinn í Hraungerðiskirkju, mánudaginn 2. júní n.k. kl. 20:00

Dagskrá fundar:

- ♦ Fundargerð síðasta fundar
- ♦ Skýrsla formanns og umræður varðandi skýrslu
- ♦ Reikningar sóknar og kirkjugarðs lagðir fram
- ♦ Umræða um framkvæmdir
- ♦ Kosningar
- ♦ Önnur mál

Sjáumst sem flest á fundinum



Leikjanámskeið Þjótanda - Júní 2025

Umf Þjótandi heldur leikjanámskeið dagana

23. - 27. júní n.k. frá kl 8:30 - 12:00

Námskeiðið fer að mestu leyti fram á

íþróttasvæðinu við Þjórsárver og er ætlað börnum sem eru að ljúka 1. - 6. bekk.

Þátttakendur eru beðnir um að koma með hollt og næringarríkt nesti daglega.

Þjálfarar eru Örvar Rafn Hlíðdal og Unnur Bjarkadóttir

Skráning fer fram með því að senda tölvupóst á netfangið unnur@floaskoli.is



Af hverju er vatn mikilvægt?

Nemendur í Flóaskóla hafa unnið að verkefnum sem tengjast vatni í þema sem er hluti af Grænfánastarfi skólans. Nemendur á miðstigi hafa unnið þessi verkefni þvert á greinar þ.e. í íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræði og umhverfismennt. Nemendur gerðu frétt sem tengist vatni, þau sömdu ljóð um vatn þar sem markmiðið var að kenna þeim muninn á hefðbundnu og óhefðbundnum ljóðum. Nemendur lærðu um lífríki í vatni og hafi og fóru í vettvangsferð að Villingaholtsvatni þar sem lífríkið var skoðað.

Þar fundust m.a. síli, kónguló, blóðsugur, hrogn, steinflugulirfur, flugur, álftir, kríur, vatnasóleyjar o.fl. Nemendur gerðu litla rannsókn þar sem tilgangurinn var að gera þau meðvituð um hversu lítill hluti af heildarvatnsmagni



jarðar er nothæfur til drykkjar. Í framhaldinu áttu þau að ræða í litlum hópum mikilvægi vatns með því að svara spurningum um hvernig við notum vatn og hvernig við getum sparað vatn.

Niðurstöðurnar voru þær að vatn er notað í nánast allt sem við gerum, má t.d. nefna til drykkjar, í matargerð, til að sturta niður í klósettið, til að þrífa okkur, í snyrtivörur, í framleiðslu á fötum, í framleiðslu á rafmagni og í sundlaugar. Nemendur leggja jafnframt til að hægt sé að spara vatnið með því að láta það ekki renna að óþörfu, hægt er að safna rigningarvatni, spara rafmagn, nota filtera til þess að hreinsa vatn, framleiða minna af fötum, fara í sturtu en ekki bað, geyma vatn í ísskáp til að kæla það, passa matarsóun, endurnýta hluti og flokka rusl. Við í Flóaskóla hvetjum íbúa Flóahrepps til þess að huga að þessum þáttum þar sem ferskvatn jarðar er aðeins um 3% af heildarvatnsmagni jarðar og stærsti parturinn af þessum 3% er bundin í jöklum



Vatn

Þegar regnið fellur
verður mikill skellur.
Þegar vatnið er tært
verður það glært.

Þegar regnið er kalt
verður smá svalt.
Þegar vatnið frýs
verður það að ís.

Þegar klakinn brestur
verður hann mestur.
Þegar versnar í spánni
verður hækkun í ánni

Höfundur Arnar Alex Reynisson 5. bekk

60 + í sumar

Miðvikudaginn 11. júní verður haldinn síðasti viðburður 60+ fyrir "sumarfrí". Hann verður að vanda í Þjórsárveri kl. 16-18, húsið opnar kl.15:30.

Þórunn skólastjóri Flóaskóla mun sýna hópnum Flóaskóla, þær breytingar sem hafa orðið á svæðinu og fara yfir framtíðarskipulagið. Á eftir verður haldin grillveisla að hætti Rúnars grillmeistara og co.

Skráning í grillið hjá Rúnar Magnússon í síma 898-1535 eða á netfangið runarm78@gmail.com í síðasta lagi mánudaginn 9. júní.

Fyrir þá sem ekki hafa áhuga á að fara í 60+ sumarfrí verður boðið uppá vikulegar göngur á hinum ýmsu stöðum í Flóahreppi.

Fyrsta ganga er 18. júní kl.18 frá Einbúa að Skotabergi. Lengd um 1,5 km, létt yfirferðar. Lagt við Einbúa. Harpa í Oddgeirshólum fer með leiðsögn s. 848-7713.

Önnur ganga er þann 25. júní kl.18 frá Hurðarbaki. Hægt að velja hring (um 2 km) eða fram og tilbaka (um 1 km). Létt yfirferðar. Lagt á hlaðinu á Hurðarbaki. Kristín og Óli á Hurðarbaki sjá um leiðsögn s.862-3417 (Kristín).

Nefndin

Dagskrá mánaðarins:

Aðalsafnaðarfundur Hraungerðissóknar	2. júní
Fermingarmessa í Villingaholtskirkju	8. júní
Fermingarmessa í Gauðverjabæjarkirkju	8. júní
Fermingarmessa í Hraungerðiskirkju	9. júní
Vorfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	10. júní
60 + Grillparty	11. júní
Afmæli - Helgi Stefánsson	15. júní
Messa í Laugardælakirkju	15. júní
Hátíðardagskrá í Einbúa	17. júní
60 + ganga - Einbúi	18. júní
Leikjanámskeið Umf Þjótanda	23. - 27. júní
60 + ganga - Hurðarbak	25. júní